

Ed.

248. Frumvarp til laga

[135. mál]

um hækkun á bóttum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1969 skulu fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar hækka um 10% frá því, sem þær voru á árinu 1968, sbr. lög nr. 4/1968. Fæðingarstyrkur samkvæmt 18. gr. skal frá sama tíma vera kr. 10 200.00 við hverja fæðingu. Aðrar bætur samkvæmt lögum nr. 40/1963 skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 17% frá sama tíma.

Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar frá 1. janúar 1969, skulu reiknaðar í heilum krónum, og enn fremur skulu allar mánaðarlegar greiðslur reiknaðar í heilum krónum. Skal hálf króna eða stærra brot hækka í heila krónu, en minna brot falla niður.

2. gr.

Ákvæði f-liðs 4. málsg. 49. gr. laga nr. 40/1963 skal frá 1. janúar 1969 breytast þannig, að í stað „9 daga“ komi „7 daga“.

3. gr.

Hækkun mánaðarlegra bóta samkvæmt 1. gr. fyrir janúar og febrúar 1969 skal greidd með bóttum marzmánaðar 1969.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1969 beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að framlag ríkissjóðs til almannatrygginga yrði hækkað um 90 millj. kr. frá því, sem það var áætlað, er frumvarp til fjárlaga var lagt fram í þingbyrjun. Er lagt til, að af

þeirri fjárhæð verði 29.2 millj. kr. varið til hækkunar fjölskyldubóta, en 60.8 millj. kr. til hækkunar á öðrum bótum lífeyristrygginga. Hefur verið gert ráð fyrir, að hlutur annarra framlagsaðila hækkaði í hlutfalli við síðarnefndu fjárhæðina, og verður þá heildarhækkun framlaga til lífeyristrygginga sem hér segir:

Ríkissjóður	90.0 millj. kr.
Hinir tryggðu	54.1 — —
Sveitarsjóðir	30.4 — —
Atvinnurekendur	23.6 — —

Samtals 198.1 millj. kr.

Áætlað er, að framlög þessi nægi fyrir 10% hækkun fjölskyldubóta og 17% hækkun annarra bóta lífeyristrygginga. Tilsvarandi hækkun bóta slysatrygginga mun óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun iðgjalda til þeirra, og útgjöld sjúkra-samlaga munu aukast nokkuð.

Takmörkun sú á hækkun bóta, sem skírskotað er til með orðunum „eftir því sem við getur átt“ í 1. málsg. 1. gr., snertir þær bætur, sem ekki eru inntar af hendi í peningum, svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, enn fremur kaup og aflahlut, sbr. 39. gr. laga nr. 40/1963, og bætur frjálsra trygginga, sem ákvarðast af frjálsum samningi milli aðila. Sé hámark eða lágmark heimildarbóta tiltekið, hækka slík mörk, en um hækkun einstakra bótagreiðslna, sem fullnægja lágmarksákvæðum, fer eftir ákvörðun þeirra aðila, sem úrskurðarvald eiga í því efni.

Í sambandi við breytingar þær, sem orðið hafa á ákvörðun daggjalda sjúkrahúsa, sbr. 8. gr. laga nr. 83/1967 og bráðabirgðaákvæði sömu laga, hefur legukostnaður á fæðingardeild Landspítalans og fæðingarheimili Reykjavíkurborgar hækkað stórkostlega. Í 2. gr. frumvarpsins er því lagt til, að sjúkratryggingar greiði fyrir dvöl umfram 7 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi og fæðingarstofnun, en samkæmt nógildandi lögum greiða þær fyrir dvöl umfram 9 daga. Með þessari breytingu og þeirri 33% hækkun fæðingarstyrks, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, nægir fæðingarstyrkurinn fyrir þeim kostnaði, sem konur þurfa að greiða á fæðingardeild Landspítalans, en þar eru daggjöld hæst.